



29. janúar 2019

Efni: Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið (Mál nr. S-253/2018)

Landsamtök lífeyrissjóða og fastanefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða fagna útgáfu Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið og taka heilshugar undir mikilvægi þess að skapa heilbrigðan grundvöll og frjóan jarðveg fyrir málefnalega umræðu um fjármálakerfið. Í Hvítbókinni segir að óumdeilt er hversu mikilvægir lífeyrissjóðirnir eru á íslenskum fjármálamarkaði. Lífeyrissjóðirnir eru stærstu eigendur fjármagns á Íslandi og fara með vörslu meginhluta sparnaðar heimilanna. Meginhlutverk lífeyrissjóða er að ávaxta fé sjóðfélaga á skilvirkan og öruggan hátt og tryggja þar með sjóðfélögum sem besta ávöxtun. Lífeyrissjóðir eiga því mikið undir því að fjármálakerfið styðji við starfsemi lífeyrissjóða og að starfsemi þeirra styðji við og styrki fjármálakerfið. Landsamtök lífeyrissjóða fagna því allri umræðu sem ætlað er að stuðla að umbótum á fjármálakerfinu.

Með Hvítbókinni eru dregin fram ólík sjónarhorn á fjármálakerfinu, og horft er til framtíðar og lagðar fram tillögur að umbótum sem hafa fengið umfjöllun á vettvangi Landsamtaka lífeyrissjóða. Fram kemur í Hvítbókinni að efnistökur eru þess eðlis að ekki er unnt að setja fram jafn ítarlega umfjöllun um alla þá efnisþætti sem höfundar hefðu gjarnan viljað. Í Hvítbókinni eru því nefndir ýmsir áhersluþættir, sem talið er vert að skoða betur. Fram kemur að von höfunda sé að Hvítbókin muni gegna því hlutverki að vera staðreynda- og hugmyndagrunnur fyrir stefnumótun varðandi framtíð fjármálakerfisins. Það er mat Landsamtaka lífeyrissjóða að höfundum Hvítbókar hafi tekist að leggja grunn að málefnalegri umræðu um fjármálakerfið og deila þeirri ósk með höfundum að Hvítbókin verði hugmyndagrunnur fyrir frekari umræðu til framtíðar. Eðli málsins samkvæmt beinast sumar áherslur og niðurstöðu að starfsemi lífeyrissjóða beint, á meðan aðrar áherslur tengjast starfsemi þeirra óbeint. Í sumum tilfellum er lagt til að málefni verði skoðuð eins og fyrr segir. Það er mat Landsamtaka lífeyrissjóða að þær hugmyndir sem beinast að starfsemi lífeyrissjóða með beinum hætti þurfi ítarlegri umfjöllun og skoðun en mögulegt er á umsagnarfresti Hvítbókarinnar á Samráðsgáttinni.

Á vegum Landsamtaka lífeyrissjóða liggur því að svo stöddu ekki fyrir sérstök afstaða til hugmynda sem beinast að starfssemi lífeyrissjóða beint. Í þeim tilfellum þar sem hugmyndum er varpað fram til að auka samkeppni fer betur á því að einstaka lífeyrissjóðir og hagaðilar þessa málaflokks fjalli um það, enda eru Landsamtök lífeyrissjóða ekki samráðsvettvangur um samkeppnismál. Landsamtök lífeyrissjóða vonast til og ganga út frá því að þær hugmyndir og áherslur sem settar eru fram fái ítarlegri umfjöllun og skoðun. Að Hvítbókin marki ákveðin tímamót í umræðu um fjármálakerfið sem hafi það að markmiði að byggja upp traust á stöðugu, skilvirku og góðu fjármálakerfi.

Virðingarfyllt

F.h. LL og fastanefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða

Ólafur Sigurðsson

